

Heildarstarfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar

Ársskýrsla 2016

Heildarstarfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar

Ársskýrsla 2016

ANP 2017:759

Heildarstarfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar
Ársskýrsla 2016

ISBN 978-92-893-5144-7 (PRINT)
ISBN 978-92-893-5145-4 (PDF)
ISBN 978-92-893-5146-1 (EPUB)
<http://dx.doi.org/10.6027/ANP2017-759>

ANP 2017:759

© Norræna ráðherranefndin 2017
Umbrot: Cecilie Ravik

Norrænt samstarf

Norræna samstarfið er eitt umfangsmesta svæðasamstarf í heiminum. Samstarfið byggir á landfræðilegri legu landanna, sameiginlegri sögu þeirra og menningu. Að samstarfinu koma Danmörk, Finnland, Ísland, Noregur og Svíþjóð auk Álandseyja, Færeyja og Grænlands.

Norræna samstarfið er pólitískt, efnahagslegt og menningarlegt og skiptir miklu í evrópsku og alþjóðlegu samstarfi. Löndin vinna saman að því að marka Norðurlöndum stöðu í öflugri Evrópu.

Með *norrænu samstarfi* er unnið að því að gæta hagsmuna svæðisins og efla norræn gildi í hnattrænum heimi. Sameiginleg gildi landanna styrkja stöðu Norðurlanda og skipa þeim meðal þeirra svæða í heiminum þar sem nýsköpun og samkeppnishæfni er mest.

Norræna ráðherranefndin

Nordens Hus
Ved Stranden 18
1061 København K
www.norden.org

Sækja útgafið efni: www.norden.org/nordpub

Efnisyfirlit

Formáli.....	5
Ársskýrsla yfirstjórnar.....	7
Norðurlönd án landamæra.....	7
Opin Norðurlönd.....	8
Nýskapandi Norðurlönd.....	10
Sýnileg Norðurlönd.....	12
Fjármál.....	14
Fjárhagsáætlun 2016 – samkomulagi við Norðurlandaráð fylgt eftir.....	15
Helstu lykiltölur.....	23

Formáli

Tími Norðurlandanna er núna

2016 var að mörgu leyti þungbært ár. Styrjaldir, hryðjuverk og átök settu svip sinn á fréttirnar megnið af árinu. Hvergi í heiminum komst fólk hjá því að finna fyrir gangi mála.

Straumur flóttafólks hafði aldrei verið meiri frá lokum síðari heimsstyrjaldar og reyndi hann mikið á ferðafrelsi innan Norðurlanda. Varð hann tilefni þess að þjóðirnar fóru að bera saman bækur sínar um aðlögun flóttafólks og innflytjenda.

Ástandið í Rússlandi hamlaði samstarfi ráðherranefndarinnar við Norðvestur-Rússland. Á sama tíma jókst norrænt samstarf við Eystrasaltsríkin, en á árinu 2016 voru einmitt 25 ár liðin frá því að umrætt samstarf hófst.

Á tímum þegar Evrópusambandið á undir högg að sækja vekja norrænt samstarf og norræna módelið æ meiri áhuga, á Norðurlöndum og víðar um heim.

Sú endurnýjun sem orðið hefur hjá ráðherranefndinni hefur gert samstarfið sveigjanlegra og þróttmeira. Kom það berlega í ljós þegar ráðherranefndin brást hratt við og réðst í gerð samstarfsáætlunar á sviði aðlögunar. Samstarfsráðherrar Norðurlanda tóku frumkvæði að áætluninni í apríl 2016 og innan árs var búið að fjármagna áætlunina og hrinda henni í framkvæmd.

Stefnumótandi úttekt á samstarfi Norðurlanda í heilbrigðismálum frá árinu 2014 markaði upphaf að ýmsum samstarfsverkefnum, einnig á árinu 2016. Sams konar úttekt var gerð á sviði vinnumála 2016. Verkið vann Poul Nielson, fyrrum orkumálaráðherra og síðar þróunarsamstarfsráðherra Danmerkur. Niðurstöður hans vöktu mikla athygli á Norðurlöndum og alþjóðlega, ekki síst tillaga um að gera nám fullorðinna að skyldunámi.

Einnig á öðrum samstarfssviðum hafa Norðurlöndin verið áberandi á alþjóðlegum vettvangi. Á loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna gerðist það annað árið í röð að Norræna ráðherranefndin stóð að glæsilegum samnorrænum viðburðum. Rúmlega 6 þúsund manns heimsóttu skála Norðurlanda á 22. loftslagsráðstefnu SP í Marokkó á þeim tveimur vikum sem ráðstefnan stóð yfir. Það voru einkum norrænar loftslags- og orkulausnir sem vöktu mikinn áhuga.

Við lifum á tímum þar sem heimurinn virðist óöruggari og ófyrirsjáanlegri en áður og kemur margt til. Þar leyfi ég mér að minna á þau sameiginlegu gildi sem norrænt samstarf og sameiginleg pólitísk verkefni landanna byggja á. Það eru gagnsæi, traust, sköpunarkraftur, trúin á að allar manneskjur séu jafnar og sjálfbærar samfélagslausnir. Margt bendir til þess að umrædd gildi og samstarf landanna séu mikilvægari en nokkru sinni fyrr.

Kaupmannahöfn, 15. júní 2017



Dagfinn Høybråten

Framkvæmdastjóri

Norrænu ráðherranefndarinnar

Ársskýrsla yfirstjórnar

Norðurlönd án landamæra

Norrænt samstarf um aðlögun sett í forgang

Ástandið í málefnum flóttafólks og áhrif þess var mikið í umræðunni í ársbyrjun 2016. Álagið var mikið og brugðið var á það ráð að koma á landamæraeftirliti víða á Norðurlöndum þar sem mest umferð var. Í ljósi flóttamannastraumsins mikla haustið 2015 var það mat norrænu ráðherranna að setja bæri aðlögunarmál í forgang á árinu 2016.

Samstarfsráðherrarnir ákváðu á fundi í Ósló í apríl að margfalda fjárveitingar til aðlögunar flóttafólks og innflytjenda í löndunum. Aðlögunarsamstarfið varð eitt stærsta mál ársins 2016. Fyrirnefnd ákvörðun ráðherranna varð til þess að fjárveitingar til aðlögunarmála hækkuðu í fjárhagsáætlunum ráðherranefndarinnar fyrir árin 2016 og 2017. Ráðherranefndin felldi niður styrki til European Humanities University (EHU) og sjóðs sem ráðherranefndin hafði umsjón með um margra ára skeið. Ákveðið var að fella styrkinn niður í ljósi pólitískrar þróunar sem orðið hafði meðal fjármögnunaraðila EHU. Fyrir vikið var hægt að útvega það fé sem þurfti til aðlögunarmála á árunum 2016 og 2017.

Þá gerðist það á árinu að samstarfsráðherrarnir hleyptu áætlun ráðherranefndarinnar um aðlögunarmál af stokkunum. Í áætluninni er lögð áhersla á að þjóðirnar beri saman bækur sínar og afli nýrrar þekkingar á fjórum meginþáttum. Samstarfið hófst á öllum fjórum sviðum á árinu.

Eitt þeirra er miðstöð upplýsingamiðlunar, en hún á að miðla þekkingu og vera vettvangur þar sem hinir ýmsu aðilar sem starfa að aðlögunarmálum geta borið saman reynslu sína. Upplýsingamiðstöðin er tekin til starfa undir heitinu „Norrænt aðlögunarsamstarf“.

Annar þáttur áætlunarinnar er þekkingaröflun en afrakstur hennar verður rannsóknaskýrsla um fyrirliggjandi þekkingu og rannsóknir á sviði aðlögunar. Þá kemur áætlunin að hlutafjármögnun verkefna í löndunum. Heimasíðu um aðlögunarsamstarfið er að finna á norden.org.

Þess má geta að ráðstefna um aðlögunarhlutverk menningar og borgara-samfélagsins fór fram í Helsinki í desember með fjárstuðningi samstarfsáætlunarinnar.

Áætlunin setur mikinn svip á starf ráðherranefndarinnar enda koma næstum öll samstarfssviðin að einhverjum aðlögunarverkefnum.

Norðmenn gegna formennsku á árinu 2017 og munu leggja mikla áherslu á aðlögunarmál. M.a. er ráðgerður fundur þeirra ráðherra sem fara með aðlögunarmál í löndunum.

Reykjavíkuryfirlýsing skref í átt að betri aðlögun

Í hnattvæddum heimi nútímans þar sem atvinna og vinnuafli einskorða sig ekki við landamæri, er brýnna en nokkru sinni fyrir að skapa hraðvirkt og afkastamikið kerfi til að meta menntun og prófskírteini fólks, hvort sem um er að ræða Norðurlandabúa eða aðra útlendinga. Flýtir það fyrir aðlögun og eykur jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar á norrænum vinnumarkaði.

Mikilvægt skref var tekið þegar ráðherranefndin um menntamál og rannsóknir undirritaði Reykjavíkuryfirlýsinguna á þingi Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn í nóvember. Yfirlýsingin var einnig undirrituð af Álendingum, Færeyingum og Grænlendingum.

Yfirlýsingin var fyrst undirrituð 2004 og í rúman áratug lagði hún línuna um hvernig löndin stóðu að viðurkenningu æðri menntunar Norðurlandabúa og annarra innflytjenda á Norðurlöndum. Á þeim árum sem liðin eru hafa stofnanir sem annast viðurkenningu á erlendri menntun samræmt vinnubrögð sín við mat á menntun.

Nú þegar til stendur að gera starfið enn skilvirkara er lag fyrir Norðurlönd að ryðja brautina innan ESB varðandi sjálfkrafa viðurkenningu menntunar. Ferlið verður einfaldara og biðtími borgaranna styttest að sama skapi.

Á formennskuári Finna í Norrænu ráðherranefndinni 2016 voru tvö áherslumála þeirra frjáls för á Norðurlöndum og aðlögun nýbúa. Reykjavíkuryfirlýsingin veitir því starfi pólitískt fulltingi, en frjáls för er undir því komin að færni, menntun og prófskírteini einstaklinga verði viðurkennd.

Norðmenn munu fylgja starfinu eftir á formennskuári sínu 2017.

Opin Norðurlönd

Norrænar loftslagslausnir í brennidepli á loftslagsráðstefnunni í Marokkó

Norræna ráðherranefndin stóð að undirbúningi á þátttöku Norðurlandanna á loftslagsráðstefnu SP í Marrakesh dagana 7. til 18. nóvember. Sá hún til þess að skrifstofur Norðurlandanna voru staðsettar við hliðina á norræna skálanum undir yfirskriftinni New Nordic Climate Solutions. Skálinn varð staður fyrir norræna aðila sem stóðu að viðburðum tengdum loftslagsmálum. Rúmlega 6 þúsund ráðstefnugestir hvaðanæva úr heiminum heimsóttu skála Norðurlanda.

Alþjóðlegu viðræðurnar um loftslagsmál, sem fram fóru á ráðstefnunni, fjölluðu um framkvæmd Parísarsamkomulagsins. Norræni skálinn brást við því með 54 viðburðum, sem dreifðust á nokkra þemadaga, um norrænar loftslagslausnir og þau viðbótaráhrif sem milliríkjasamstarf hefur á starf að loftslagsmálum. Ráðherranefndin greindi frá heildrænum og skalanlegum aðferðum til að lágmarka útblástur, sjálfbærum byggingariðnaði og sjálfbæru borgarskipulagi. Á þemadögum um grænan hagvöxt fengu gestir skálans kynningu á nýju verkefni forsætisráðherranna, Nordic Solutions to Global Challenges.

Norræna skálanum var skipt upp í herbergi fyrir viðburði og setustofu þar sem fólk gat rætt saman. Þannig var hægt að halda marga fundi í tengslum við viðburði, óformlegar morgunumræður og ýmsar móttökur.

Alls sóttu 2.200 manns norræna viðburði á staðnum auk þess sem þeim var streymt beint á netinu. Aðspurðir lýstu 95% gestanna yfir mikilli ánægju eða ánægju með skála Norðurlanda, 97% töldu norrænu dagskrána afar mikilvæga eða mikilvæga og 93% sögðu gæði dagskrárinnar mjög mikil eða mikil.

Norræna ráðherranefndin stóð einnig að og studdi skála norræns atvinnulífs á svæði loftslagsráðstefnunnar sem ætlað var fyrirtækjum. Utan girðingar SP-svæðisins stóð ráðherranefndin að viðburðinum New Nordic Food goes Moroccan, þar sem athygli var vakin á áhrifum sjálfbærrar matarframleiðslu á andrúmsloft jarðar. Norrænu sendinefndunum, sendiráðum og öðrum hagsmunaaðilum var boðið í kvöldverð með staðbundnum hráefnum frá Marokkó sem elduð voru með norrænum aðferðum.

Mikill áhugi á að halda samstarfi við Rússland áfram

Þegar rússnesk yfirvöld ákváðu að skrá skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar í Norðvestur-Rússlandi sem „erlendan útsendara“, leituðu samstarfsráðherrarnir nýrra leiða til að styðja samstarfsverkefni norrænna og rússneskra aðila. Skrifstofan heldur ekki lengur utan um verkefni heldur sinnir hún eingöngu innra starfi gagnvart skrifstofunni í Kaupmannahöfn og formlegri skýrslugjöf um starfið í Rússlandi. Samstarf ráðherranefndarinnar og Norðvestur-Rússlands heldur þó áfram á ýmsum sviðum.

Samstarf norrænna og rússneskra blaðamanna gegnum Norrænu blaðamannamiðstöðina (NJC) hélt áfram á árinu. Sama er að segja um samskipti norrænna og rússneskra þingmanna, sem skrifstofa Norðurlandaráðs hefur séð um og einnig rannsókn- og menntamálasamstarf, sem Norræna rannsóknaráðið (NordForsk) og norska miðstöðin Senter for internationalisering av utdanning (SIU) halda utan um.

Norrænu aðalræðismannaskrifstofurnar í Norðvestur-Rússlandi og íslenska sendiráðið í Mosku stóðu að norrænum uppákomum í ýmsum borgum undir stjórn Finna sem gegndu formennsku. Sú stærsta bar yfirskriftina „Norrænar vikur í Pétursborg“.

Á fjölmönnum fundi, sem haldinn var í Pétursborg í september 2016, upplýsti Norræna ráðherranefndin þarlend yfirvöld og aðra samstarfsaðila um að samstarfsáætlunin væri enn í gildi. Á fundinum sýndu Rússar mikinn áhuga á að halda samstarfinu áfram. Við sama tækifæri var kynning á nýrri samstarfsáætlun um umhverfismál, nýju samstarfi í baráttunni gegn smitsjúkdómum og opnu styrkjakerfi.

Fyrsta umferð umsókna var í október 2016 og vakti mikinn áhuga. Alls bárust 73 umsóknir en 13 verkefni hlutu styrki að andvirði samtals 6 milljóna DKK. Verkefni sem hlutu styrk fjalla m.a. um óháð félagasamtök, samfélagsleg málefni, umhverfismál, fjölmiðla og frumbyggja.

Norræna ráðherranefndin vill halda samstarfsverkefnum norrænna og rússneskra aðila áfram. Samstarfið felst í því að þróa og mynda tengslanet og greiðir fyrir miðlun upplýsinga og reynslu milli grannþjóða. Norræna ráðherranefndin telur samstarfið afar mikilvægt, einnig þegar önnur tengsl og samskipti eru í lágmarki. Sú reynsla sem fékkst

á árinu 2016 bendir til þess að hægt verði að halda samstarfsverkefnum áfram á þennan hátt og vonandi getur skrifstofan í Pétursborg hafið starfsemi sína á ný.

One Health gegn sýklalyfjaónæmi

Haustið 2015 lýstu ráðherranefndin um félags- og heilbrigðismál (MR-S) og ráðherranefndin um fiskveiðar og fiskeldi, landbúnað, matvæli og skógrækt (MR-FJLS) því yfir að þær hygðust efla norrænt samstarf gegn sýklalyfjaónæmi. Aðdragandinn var uggvekjandi útbreiðsla ónæmis í heiminum eins og fram kemur í skýrslunni Framtíðarsamstarf Norðurlanda í heilbrigðismálum, sem Bo Könberg, fyrrum ráðherra í Svíþjóð, vann fyrir Norrænu ráðherranefndina árið 2014.

Skýrslan byggir á stefnumótandi úttekt sem Bo Könberg gerði á norrænu samstarfi í heilbrigðismálum.

Útbreiðsla sýklalyfjaónæmis skapar hættu á því að við stöndum uppi með gagnslaus sýklalyf í framtíðinni. Eigi sýklalyfjagjöf að halda áfram að virka á menn og dýr verður að beita lyfjunum á ábyrgan hátt. Einnig verður að halda ónæmi í lágmarki á mörgum sviðum samfélagsins.

Ráðherranefndin skipaði því þverlægan stefnumótunarhóp á sviði One Health á árinu 2016. Hópin skipa embættismenn sem hafa umsjón með sýklalyfjamálum manna og dýra í löndunum. Stefnt er að því að nýta norrænar auðlindir sem best í starfinu um notkun sýklalyfja og gegn sýklalyfjaónæmi.

Sýklalyfjanotkun á Norðurlöndum er minni en annars staðar í heiminum. Löndin geta því miðlað af reynslu sinni af því hvernig beita má sýklalyfjum á ábyrgan hátt og halda ónæmi í lágmarki.

Samstarfið á árinu 2016 snerist m.a. um hvernig löndin bera saman reynslu sína af undirbúningi og eftirfylgni aðgerðaáætlana gegn sýklalyfjaónæmi. Einnig var rætt hvernig löndin geta samhæft hugmyndir sínar og afstöðu gagnvart sýklalyfjum á vettvangi Evrópusambandsins (ESB), Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar (WHO), Matvælastofnunar SP (FAO) og Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar (OIE).

Nýskapandi Norðurlönd

Talnageining um norrænan útflutning markar tímamót

Norræna ráðherranefndin fjármagnaði samstarfsverkefni á árinu 2016 þar sem hagstofur landanna ásamt Efnahags- og framfarastofnuninni (OECD) unnu saman undir stjórn Danmarks Statistik með útflutningstölfræði um vörur og þjónustu frá Norðurlöndunum. Sérfræðingar í tölfræði segja árangur verkefnisins marka tímamót.

Á tímum hnattvæðingar eru miklar kröfur gerðar til talnageiningar. Æ erfiðara er að lesa þá tölfræðivísa sem fyrir eru vegna þess að fyrirtæki starfa í auknum mæli yfir landamæri. Einnig er þörf á vísum sem geta skýrt nýjar aðstæður, t.a.m. aukna hnattræna skiptingu framleiðslukeðjunnar.

Í skýrslunni Services and Goods Exports from the Nordics – Strongholds and Profiles of Exporting Enterprises beittu hagstofurnar nýjum aðferðum við talnagreiningu þar sem þeim tókst að sýna fram á mikilvægi lítilla og meðalstórra fyrirtækja og einnig fjölþjóðlegra fyrirtækja fyrir útflutning landanna.

Skýrslan sýnir m.a. að útflutningur Norðurlandanna ræðst að miklu leyti af því hvernig löndunum tekst að laða til sín erlend fjölþjóðafyrirtæki. Þar kemur einnig fram að ný fyrirtæki sem leggja fyrir sig útflutning frá byrjun eru vænlegri til árangurs og jafnframt að útflutningur á þjónustu verður æ mikilvægari fyrir Norðurlöndin.

Niðurstöður skýrslunnar gætu skipt afar miklu máli fyrir ráðamenn á tímum þegar alþjóðlega hagkerfið tekur örum breytingum. Þá þarf stjórnmalafólk og aðrir valdhafar áreiðanlegar upplýsingar áður en teknar eru mikilvægar ákvarðanir.

Öflug þátttaka á stefnumótunarþingi ESB um Eystrasaltssvæðið

Norræna ráðherranefndin var einn aðalskipuleggjandi stefnumótunarþings ESB um Eystrasaltssvæðið (EUSBSR), sem fram fór í sjöunda sinn í Stokkhólmi dagana 8. og 9. nóvember. Ráðherranefndin stóð að flestum viðburðunum, m.a. sex málþingum og málstofum en umfjöllunarefni þeirra voru ýmist lífhagkerfið, nýsköpun og stafræn þróun.

Viðburðirnir vöktu mikla athygli á ráðherranefndinni og starfi hennar, ekki síst einn aðalviðburðurinn en það var tiskusýning undir merkjum lífhagkerfisins að viðstöddum forsætisráðherrum Svíþjóðar og Finnlands. Boðskapur stefnumótunarþingsins fjallaði um sóknarfæri og þörf á samstarfi um lífhagkerfið og stafræna hagkerfið. Óhætt er að segja að framlag ráðherranefndarinnar hafi rímað vel við þemu þingsins.

Ráðherranefndin hefur tekið virkan þátt í þróun stefnu ESB í málefnum Eystrasaltssvæðisins allt frá árinu 2009. Er það liður í almennri þátttöku ráðherranefndarinnar í samstarfi sem felst í að auka sjálfbærni, samstöðu og farsæld á Norðurlöndum. Stefnumótunarþingið var sérlega áhugavert að þessu sinni vegna þess að Norræna ráðherranefndin og Eystrasaltsríkin fögnuðu því að 25 ár voru liðin frá því að samstarf þeirra hófst.

Allir helstu aðilar á svæðinu umhverfis Eystrasaltið sækja stefnumótunarþingið. Öflug þátttaka og aðkoma ráðherranefndarinnar að undirbúningi þingsins vakti athygli á mikilvægu hlutverki hennar varðandi málefni Eystrasaltsins og norrænni nytsemi starfsins að þróun Eystrasaltssvæðisins. Ánægjulegt var að sjá hvernig dagskrá ráðherranefndarinnar hreyfði við fólk, hvort sem um var að ræða ráðamenn allt frá ESB til sveitarstjórnastígsins, lítil og stór fyrirtæki, fulltrúa háskólaumhverfisins og rannsóknastofnana eða borgarasamfélagsins.

Ráðherranefndin lagði sérstaka áherslu á málefni æskufólks á stefnumótunarþinginu, en tilgangurinn var að móta líkan fyrir sambærilegar aðgerðir fyrir æskufólk í framtíðinni. Fulltrúar æskulýðssamtaka í löndunum tóku alltaf þátt í pallborðsumræðum.

Sýnileg Norðurlönd

Norðurlönd eiga að vera bestí staður í heimi fyrir börn og ungmenni

Norrænu samstarfsráðherrarnir samþykktu nýja stefnu í febrúar 2016 með það fyrir augum að styðja starf hinna ýmsu ráðherra nefnda að málefnum barna og ungmenna. Í ritinu „Börn og ungmenni á Norðurlöndum – þverfagleg stefna Norrænu ráðherra nefndarinnar 2016–2022“ er reifað hvernig vinna skuli að þeirri framtíðarsýn að Norðurlöndin verði bestí staður í heimi fyrir börn og ungmenni.

Stefnan var kynnt á æskulýðsráðstefnunni Sillat–Broar í september 2016. Sex ráðherra nefndir koma að framkvæmd stefnunnar og skulu þær forgangsraða og setja sér mælanleg markmið sem byggja á hinni nýju stefnu.

Eftirfylgni með starfi ráðherra nefndarinnar út frá réttindum barna, málefnum ungmenna og markmiðum tiltekinna sviða hefst 2017 og verður annað hvert ár.

Meginmarkmið stefnunnar eru að:

- Norræna ráðherra nefndin flétti í auknum mæli réttindi barna og æskulýðsstefnu inn í fagsviðin og
- tilgreini þrjú stefnumótandi aðgerðasvið:
 - öflugan stuðning við börn og ungmenni í áhættuhópum og virkni þeirra í samfélaginu;
 - áframhaldandi samstarf og stuðning við borgaralegt samfélag;
 - bættu þekkingarmiðlun og aðgerðir til að auka færniþróun.

Innleiðingarátætlun fyrir framkvæmd stefnunnar liggur fyrir. Til þess að stefnan hafi tilætluð áhrif eru tilgreindar þær aðgerðir sem þarf að grípa til, hver hafi umsjón með þeim, hvernig þær skuli framkvæmdar og hver markhópurinn er auk tímaáætlunar og eftirfylgni.

Stefnan á að tryggja að Norræna ráðherra nefndin taki alltaf tillit til réttinda barna og sjónarmiða ungmenna við stefnumótun og ákvarðanatöku. Stefnan verður metin á árinu 2021.

Norðurlönd virk í hnattrænu samráði um jafnrétti á vinnumarkaði

Norðurlöndin hafa áratugum saman verið öðrum löndum fyrirmynd á sviði jafnréttis og tróna þau enn á toppnum í alþjóðlegum samanburði. Norræna ráðherra nefndin hefur innleitt samstarf við Alþjóðavinnuárástofnunina (ILO) um alþjóðlega miðlun á reynslu af aðferðum sem skilað hafa árangri og jafnréttislíkönunum á vinnumarkaði.

Hnattrænt samráð um jafnrétti á vinnumarkaði fór fram í Finnlandi í nóvember 2016. Þar ræddu norrænir ráðherrar, sérfræðingar og alþjóðlegir aðilar hvernig fæðingarorlof, kynjakvótar, sveigjanlegir vinnustaðir og góð aðstaða fyrir barnagæslu hafa eftir jafnrétti á Norðurlöndum, og aukið atvinnuþátttöku og hlut kvenna á vinnumarkaði sem og í forystustörfum.

Ef þróunin í heiminum gengur jafn hægt og fram að þessu verða laun kvenna væntanlega ekki jafnhá launum karla fyrr en að 170 árum liðnum, segir í nýrri greiningarskýrslu World Economic Forum. Launamunur, ógreidd heimilisstörf og umönnunarstörf auk kynjaskiptingar á vinnumarkaði eru stór viðfangsefni sem hamla hagvexti um allan heim, einnig á Norðurlöndum.

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun til ársins 2030 eru efst á baugi, en sumum þeirra verður harla erfitt að ná ef konur og karlar njóta ekki sömu tækifæra á vinnumarkaði. Norðurlöndin hafa margt fram að færa en eiga jafnframt margt ólært í þessum efnunum.

Norðurlöndin axla áfram ábyrgð í þessum efnunum og fylgja þeim eftir á alþjóðavettvangi á árinu 2017 með nýju verkefni forsætisráðherranna um norrænar lausnir á hnattrænum viðfangsefnum.

Úttekt á vinnumálasamstarfi vakti alþjóðlega athygli

Viðfangsefnum á norrænum vinnumarkaði fjölgar í takt við að heimurinn hnattvæðist. Norræna ráðherranefndin fól Poul Nielson, fyrrum ráðherra í Danmörku og framkvæmdastjóra hjá ESB, að gera stefnumótandi úttekt á vinnumálageiranum á Norðurlöndum.

Skýrslan fékk titilinn „14 tillögur að norrænu samstarfi í framtíðinni í vinnumarkaðsmálum“ og í júní 2016 var hún afhent Jari Lindström, vinnumálaráðherra Finnlands og formanni ráðherranefndarinnar um vinnumál. Í skýrslunni leggur Poul Nielson fram 14 tillögur að því hvernig taka megir á áskorunum á norrænum vinnumarkaði á næstu 5–10 árum. Tillögurnar varða ýmis málafni og svið, t.a.m. deiliahagkerfi, þörf á menntun á vinnumarkaði, andlegt vinnuumhverfi og stefnu Norðurlanda á vettvangi Evrópusambandsins (ESB), Alþjóðavinnuálastofnunarinnar (ILO) og Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu (OECD).

Skýrslan vakti mikla athygli, einnig alþjóðlega, ekki síst tillagan um að innleiða skyldunám fullorðinna. Fjölmíðlar á Spáni, í Bandaríkjunum, Kanada og Ástralíu fjölluðu um tillögu Pouls Nielson um nám fullorðinna og eins hafa fjölmíðlar ESB sýnt henni áhuga.

Poul Nielson mætti á norrænu þjóðfundina á sumarmánuðum 2016 og um haustið tók hann þátt í fjölda málþinga á Norðurlöndum og víðar. Þá sótti hann þing Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn.

Í lok nóvember ræddu norrænu vinnumálaráðherrarnir skýrsluna á fundi sínum í Helsinki. Þá var ákveðið að fylgja eftir tillögu um að auka samstarf við Alþjóða-vinnuálastofnunina (ILO) og annarri um aðlögunarmál. Þá var byrjað að ræða hvernig fylgja skyldi eftir tillögunum um vinnuumhverfi, skyldunám fullorðinna og deiliahagkerfi. Skýrsla Pouls Nielson mun einnig liggja til grundvallar nýrri samstarfsáætlun um vinnumál sem unnin verður á vordögum 2017 og mun gilda fyrir tímabilið 2018–2021.

Fjármál

Starf Norrænu ráðherranefndarinnar fer fram í ellefu fagráðherranefndum. Ráðherranefndirnar starfa eftir eigin stefnu og áætlunum fyrir fé sem ráðstafað er í fjárhagsáætluninni. Fjárveitingum er skipt niður á fagráðherranefndirnar og síðan er greint frá störfum þeirra í ársskýrslu.


Hrein útgjöld Norrænu ráðherranefndarinnar á árinu 2016 námu samtals 927,5 milljónum DKK en heildartekjurnar voru 937,7 milljónir DKK. Útkoma ársins var því jákvæð sem nemur 10,2 milljónum DKK (2015 nam hún 19,4 milljónum DKK). Hagnaðurinn er að mestu til kominn vegna fjárveitinga til verkefna sem fyrnast ef þær eru ekki nýttar innan þriggja ára eins og fjárhagsreglur kveða á um.

Lausafjárstaðan á árinu 2016 var á stundum aðþrengd, m.a. vegna þess að verkefni hófust fyrir á árinu eftir að breytingar voru gerðar á verkefnastjórnun.

Ráðstöfunarfé í fjárhagsáætlun sem nýtist ekki á sama fjárhagsári telst óráðstafað. Óráðstafað fé á árinu nam 11,2 milljónum DKK eða 1,9% af fjárhagsáætlun ársins (2015 nam það 17,6 milljónum DKK, þar af voru 4,5 milljónir DKK til komnar vegna verkefna sem varð að leggja niður í Rússlandi vegna stjórn málaástandsins).

Hér með er ársskýrsla ársins 2016 lögð fram.

Kaupmannahöfn, 15. júní 2017



Framkvæmdastjóri
Dagfinn Høybråten



Deildarstjóri
Kari Metliaas

Fjárhagsáætlun 2016 – samkomulagi við Norðurlandaráð fylgt eftir

Pólítískar samningaviðræður Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar um fjárhagsáætlunartillögu ráðherranefndarinnar fóru fram á haustdögum 2015. Samið var um eftirfarandi breytingar/nánari útfærslur á fjárhagsáætlun ársins 2016:

Norræna ráðherranefndin hefji kortlagningu á umhverfismerkingum ferðamannastaða í löndunum og þegar niðurstaðan liggur fyrir leggi hún til hvað skuli aðhafast til þess að efla norræna ferðamannastaði.

Skýrslan um kortlagningu á umhverfismerkingum ferðamannastaða á Norðurlöndum er komin út og voru áfangastaðir ferðafólks umræðuefni í pólitísku samráði ráðherranefndarinnar um umhverfismál (MR-M) og sjálfbærinefndar Norðurlandaráðs þann 2. nóvember 2016. Hringborðsráðstefna er ráðgerð vorið 2017 með hagsmunaaðilum um vottun ferðamannastaða.

Norræna ráðherranefndin setji í forgang að fylgja eftir tillögum skýrslunnar „Climate change and primary industries“ innan ramma samþykkrar fjárhagsáætlunar.

Norræna ráðherranefndin um fiskveiðar og fiskeldi, landbúnað, matvæli og skógrækt (MR-FJLS) fjármagnaði tvær málstofur sem haldnar voru í aðdraganda sumarfundar ráðherranefndarinnar í Turku í júní 2016. Yfirskriftir þeirra voru „Nordic Agriculture Facing Climate Change“ og „Sustainable Criteria for Solid Biomass“. Þá hafa Norrænar skógræktarrannsóknir (SNS) og Norræna nefndin um landbúnaðar- og matvælarannsóknir (NKJ) styrkt ýmis samstarfsnet um rannsóknir sem fjalla um eftirfylgni hinna stefnumótandi tilmæla. Þess ber að geta að starfsfólk FJLS á skrifstofu ráðherranefndarinnar hefur tekið virkan þátt í mótun stefnu ESB í málefnum Eyrstrasaltsins og í því sambandi markaðssett margar tillögurnar. Þá samþykkti ráðherranefndin um fiskveiðar og fiskeldi, landbúnað, matvæli og skógrækt (MR-FJLS) á árinu 2016 nýja samstarfsáætlun fyrir tímabilið 2017–2020. Þar er mikil áhersla lögð á stefnumótandi aðgerðir til þess að fylgja eftir tilmælum skýrslunnar „Climate change and primary industries“.

Norræna ráðherranefndin veitti 0,9 milljónir DKK til aðgerða undir Nýrri norrænni matargerð í fjárhagsáætlun 2016 (fjárlagaliður 5-6420 Ný norræn matargerð). Auk þess er matargerð liður í áætluninni um kynningu á Norðurlöndum 2016.

Stýrihópur verkefnisins Ný norræn matargerð réðst í þrjú verkefni í byrjun árs 2016: Samband norræna bændasamtaka (NBC) átti hugmyndina að norrænni matarkeppni sem haldin verður í fyrsta sinn í Kaupmannahöfn í ágúst 2017. „Ný norræn matargerð í opinberum geira“ þróar líkón þar sem hagsmunaaðilar á sviði matar í skólum, á sjúkrahúsum og víðar á Norðurlöndum geta borið saman reynslu sína af sjálfbærni. Skýrsla verkefnisins er væntanleg í apríl 2017. Unnið verður áfram á árinu 2017 að „Markaðssetningu Norðurlanda sem áfangastaðar ferðamanna með mat“ í samstarfi við norrænu ferðamálastofurarnar í Lundúnum. Þá er leitast við að flétta Nýja norræna matargerð inn í norrænt samstarf almennt, m.a. kynningar- og mörkunarkerfnið. Ákveðið hefur verið að verkefnið styðji matartengda viðburði en einnig verkfærakassa fyrir samskipti og kynningu á norræna vörumerkinu sem á að tryggja að matur skipi áberandi sess enda er norræn matargerð í brennidepli og vekur mikla alþjóðlega athygli.

Norrænt samstarf leggi áherslu á aðgerðir gegn matarsóun með fé frá m.a. Grænum hagvexti og NordBio-áætluninni en samanlagt verði 2,5 milljónir DKK til ráðstöfunar árið 2016.

Norræna verkefnið gegn matarsóun gengur samkvæmt áætlun og hefur þátttaka í verkefninu verið fullnægjandi. Þremur undirverkefnum um geymslupólsmerkingar, matvælabanka og rýrnun í frumframleiðslu lýkur væntanlega eigi síður en á fyrsta ársfjórðungi 2017. Norðurlandaráð hefur tekið upp ýmis tilmæli frá undirverkefnunum. Heildarskrá yfir stefnumótandi tilmæli mun væntanlega liggja fyrir á fyrri hluta árs 2017.

Norrænt samstarf um byggðaðróun setji í forgang, enn sem fyrr, starf að sjálfbærri efnahagsþróun á strjálbýlum svæðum.

Sjálfbær efnahagsþróun á strjálbýlum svæðum er forgangsverkefni í byggðamállum. Í nýrri samstarfsáætlun um byggðaðróun og skipulagsmál fyrir tímabilið 2017–2020 er einn þemahópur helgaður sjálfbærri byggðaðróun. Auk þess fá landamæranefndirnar fasta fjárveitingu til starfs sem felst í að efla sjálfbæra borgarþróun á öllum Norðurlöndum.

3.160.000 DKK renni til Nordjobb árið 2016. Nordjobb verði metið á árinu 2016.

Í fjárlagalið 9-4120 Nordjobb kemur fram að fjárveiting ársins 2016 hafi numið 3,214 milljónum DKK. Í janúar 2016 var Oxford Research falið að meta Nordjobb. Oxford Research afhenti matskýrsluna í mars 2016 og fjallaði embættismannanefndin um vinnumál (EK-A) um hana á fundi sínum í apríl 2016. Matið liggur til grundvallar umboði Nordjobb á tímabilinu 2017–2019. Lesið matskýrsluna: <http://urn.kb.se/resolve?urn=urn:nbn:se:norden:org:diva-4421>

Norrænt samstarf á sviði atvinnulífs leggi á árinu 2016 áherslu á nýstárlegar, stafrænar lausnir sem undirstöðu framleiðslu á Norðurlöndum.

Svið atvinnulífsins vann áfram að formennskuverkefni Dana, „Framleiðsla á Norðurlöndum“ og gerð skýrslunnar „Digitalisation and automation in the Nordic manufacturing sector – Status, potentials and barriers“ á árinu 2016. Skýrslan fjallar um sambærilegar hindranir í löndunum á sviði stafrænnar tækni og sjálfvirkni hjá litlum og meðalstórum framleiðslufyrirtækjum. Í verkefninu voru þróuð 15 dæmi þess hvernig stafræn tækni og sjálfvirkni geta gefið góða raun í minni framleiðslufyrirtækjum. Þá vann verkefnið tillögur að samnorrænum aðgerðum sem gætu afnumið þær hindranir sem bent er á í skýrslunni.

Á árinu 2017 mun Norræna ráðherranefndin um atvinnu-, orku- og byggðastefnu (MR-NER) væntanlega samþykkja nýja norræna samstarfsáætlun í nýsköpunar- og atvinnumálum 2018–2021. Niðurstöður verkefnisins „Framleiðsla á Norðurlöndum“ verða teknar með í nýju samstarfsáætlunina.

Ein milljón DKK í fjárhagsáætlun 2016 renni til Norrænu blaðamannamiðstöðvarinnar (NJC) til sérstakra verkefna, svo sem stefnumótunar um vandaða blaðamennsku á Norðurlöndum og aukinn sýnileika Norðurlanda. Auk þess er gert ráð fyrir styrk til NJC vegna verkefna sem tengjast Rússlandi/Eystrasaltsríkjum.

Norræna blaðamannamiðstöðin hefur séð um starfsemi og námskeið fyrir blaðamenn og ritstjóra frá öllum Norðurlöndunum. Markmiðið hefur verið að vekja athygli á norrænum málefnum og samstarfi í fjölmiðlum og veittu menningarmálaráðherrarnir fé til þessa. Samstarfsráðherrarnir styrktu námskeið og starf þar sem blaðamenn og ritstjórar frá Norðvestur-Rússlandi og norrænir kollegar þeirra báru saman reynslu sína.

Þróun á betri aðferðum til hagnýtingar á læknisfræðilegum rannsóknum verði sett í forgang á árinu 2016. Þekkingargrunnur verði unninn fyrir Norrænu ráðherranefndina um lífsnabanka, gagnagrunnsrannsóknir og klínískar fjölsetrarannsóknir. Forsendur fyrir stefnumótun þar að lútandi liggja fyrir eigi síðar en í júní 2016.

Norræna rannsóknaráðið afhenti ráðherranefndinni þekkingargrunninn „Nordic biobanks and registers – A basis for innovative research on health and welfare“ í júní 2016. Þekkingargrunnurinn var kynntur á þriðju fundum embættismannanefndarinnar um menntamál og rannsóknir (EK-U) og embættismannanefndarinnar um félags- og heilbrigðismál (EK-S) á árinu. EK-U heldur áfram að ræða tillögur skýrslunnar á fyrsta fundi sínum 2017.

Norðmenn hafa lagt drög að norrænu formennskuverkefni til þriggja ára (2017–2019) um heilbrigðisgögn og íhlutandi klínískar rannsóknir. Verkefnið styðst að miklu leyti við fjórðu tillöguna í skýrslu Bos Könberg, „Framtíðarsamstarf Norðurlanda í heilbrigðismálum“.

Þess ber að geta að Norræna rannsóknaráðið er umsýslustofnun verkefnis um lífsnásöfn, heilbrigðisgagnagrunna og þjóðskrár, sem er að finna í áætlun ráðherranefndarinnar um sjálfbæra norræna velferð. Verkefnið hófst 1. apríl 2014 og því lýkur í árslok 2017.

Vinnumálasviði verði hlíft við sparnaði 2016. Gerð verði forrannsókn á því hvernig ungmenni (undir þrítugu) öðlast tungumálaskilning við vinnutengdar aðstæður.

Enginn niðurskurður var gerður á fjárhagsáætlun ráðherranefndarinnar um vinnumál (MR-A) á árinu 2016 og nam fjárveitingin samtals 13,839 milljónum DKK. Þegar Danir gegndu formennsku í ráðherranefndinni um menningarmál (MR-K) á árinu 2015 áttu þeir frumkvæði að rannsókn á mál-skilningi ungra Norðurlandabúa milli dönsku, norsku og sænsku og reynslu þeirra af norrænum tungumálum. Um minni háttar eigindlega forkönnun var að ræða þar sem 31 maður svaraði. Ungmennin sem svöruðu í könnuninni voru undir þrítugu og höfðu a.m.k. hálfis árs reynslu af námi eða vinnu í skandinavíska landi (Danmörku, Noregi eða Svíþjóð). Ungmennin voru frá öllum Norðurlöndunum. Menningarmálaráðherrarnir hafa falið Norræna tungumálasamstarfinu að vinna tillögur að því hvernig nýta megi niðurstöður könnunarinnar. Lesið um könnunina: <http://sprogkoordinatio-nen.org/media/1337/man-skal-bare-kaste-sig-ud-i-det.pdf>

Ráðist verði í verkefnið „Útivistarlíf á Norðurlöndum“ með heildarfjárveitingu sem nemur 500 þús. DKK. Verkefnið á að efla áhuga barna og ungmenna á útivistarlífi og náttúrunni. Þannig á að stuðla að aukinni hreyfingu og bæta heilsu barna og ungmenna.

Tilgangurinn með verkefninu Útivistarlíf á Norðurlöndum er að semja tilmæli til eflingar útivistarlífi. Framvinda verkefnisins er fullnægjandi og fær það góðar undirtektir hjá hinum ýmsu aðilum útivistarlífs á Norðurlöndum. Verkefnið hefur staðið að málstofum í Noregi og Finnlandi. Málstofur eru ráðgerðar í Danmörku og Svíþjóð á fyrri hluta árs 2017 áður en tilmælin liggja fyrir, væntanlega á seinni hluta árs 2017.

Norræni sumarháskólinn verði færður (skipulagslega og í fjárhagsáætlun) úr ráðherranefndinni um menntamál og rannsóknir (MR-U) til samstarfsráðherranna (MR-SAM), og upphæð sem samsvarar fjárveitingu ársins 2015 verði veitt til frekari þróunar og framhalds á starfsemiinni. Skilyrði fyrir því er að Norræni sumarháskólinn taki í framhaldinu mið af gagnrýni og tillögum matsskýrslunnar.

Norræni sumarháskólinn var færður á árinu 2016 (skipulagslega og í fjárhagsáætlun) úr ráðherranefnd um menntamál og rannsóknir (MR-U) til samstarfsráðherranna (MR-SAM). Umrætt samkomulag kvað á um að fjárveiting ársins 2016 héldist óbreytt frá árinu 2015. Af nýjum fjárlagalið MR-SAM, 1-2534 Framlag til Norræna sumarháskólans (NSU), má sjá að fjárveiting ársins 2016 er 1,203 milljónir DKK. Ráðherranefndin hefur rætt við Norræna sumarháskólann um þá gagnrýni og tillögur sem fram komu í matsskýrslunni.

Veittar verði 3,758 milljónir DKK til Samaráðsins og Samíska listamannaráðsins til menningarsamstarfs Sama og miðlunar þess, og jafnframt til að efla heildarstefnu í menningarmálum á Norðurlöndum og í Norðvestur-Rússlandi.

Í fjárhagsáætlun ársins 2016 voru veittar samtals 3,822 milljónir DKK í samískt samstarf (fjárlagaliður 4-2234). Markmiðið er að styrkja samískt menningarsamstarf með fjárveitingum til Samaráðsins og Samíska listamannaráðsins, vekja athygli á og miðla samískri list og menningu innan og utan samfélags Samanna og efla jafnframt heildarstefnu Sama í menningarmálum á Norðurlöndum og í Norðvestur-Rússlandi.

Hæfileg upphæð verði eyrnamerkt til þess að efla norræna menningu í skólum í breiðum skilningi. Það er t.a.m. gert með því að vekja áhuga á barna- og unglingabókmenntum með heimsóknum rithöfunda, netdreifingu á stutt- og heimildakvikmyndum og gegnum verkefnið Lýðræði, aðlögun og öryggi.

Samband norrænu félaganna sá um verkefni á árinu 2016 sem fólst í því að miðla norrænum barna- og unglingabókmenntum til nemenda á aldrinum 10–16 ára og var það þáttur í starfi norrænu menningarmálaráðherranna á sviði *barna- og unglingabókmennta*. Öll Norðurlöndin, þar á meðal Álandseyjar, Færeyjar og Grænland, tóku þátt í verkefninu á árinu 2016. Í skólana fara aðallega rithöfundar sem eru eða hafa verið tilnefndir til barna- og unglingabókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs.

Dreifing stutt- og heimildarkvikmynda á netinu: Samband norrænu félaganna (FNF) á kennslu-gátina „Norden i skolen“ (www.nordeniskolen.org) og er jafnframt umsýslustofnun Norræna tungumálasmstarfsins. Til eflingar samkennd og tungumálaskilningi á Norðurlöndum var Sambandi norrænu félaganna falið að kanna hvernig flétta mætti stutt- og heimildarkvikmyndum inn í vefgáttina til notkunar í kennslu á fimm ára tímabili.

Fjárveitingar til verkefnisins námu samtals 1,2 milljón DKK og komu frá menningarmála-ráðherrunum (MR-K) og menntamálaráðherrunum (MR-U). Hluti upphæðarinnar er eyrnamerkur upplýsinga- og samskiptastarfi í þeim tilgangi að ná til viðkomandi markhópa. Verkefninu er lokið í samræmi við umboðið.

Lýðræði, aðlögun og öryggi: Á Alþjóðadegi fjölmiðlafrelsis fór fram alþjóðleg ráðstefna í Helsinki um tjáningarfrelsi og fréttamennsku og veittu samstarfsráðherrarnir 300 þús. DKK til þessa. Norræna blaðamannamiðstöðin stóð að undirbúningi og framkvæmd ráðstefnunnar.

Norræna ráðherranefndin tilgreini betur baráttuna gegn ónæmum bakteríum í þverlægum stefnumótunarhópi um heildarhugsun eða svonefnda One Health-nálgun.

Norrænn stefnumótunarhópur um One Health var settur á laggirnar á haustdögum 2016 og fundaði hann í fyrsta sinn í desember 2016. Upplýsingar um fundinn, starfið sem framundan er og tilmæli um aðgerðir gegn sýklalyfjaónæmi verða væntanlega ræddar í ráðherranefndinni á fyrsta ársfjórðungi 2017. Hópurinn á að gefa árlega skýrslu um störf sín til ráðherranefndarinnar gegnum embættis-mannanefndirnar um félags- og heilbrigðismál (EK-S) og um fiskveiðar og fiskeldi, landbúnað, matvæli og skógrækt (EK-FJLS).

Norræna ráðherranefndin setji í forgang að dregið verði úr efnum og hormónatruflandi áhrifavöldum í umhverfi lífi fólks með aukinni fræðslu um áhrif efnanna á fólk og umhverfi.

Norræna ráðherranefndin á að beita sér í alþjóðlegu starfi sem miðar að því að fækka efnum og hormónatruflandi áhrifavöldum í umhverfi fólks. Auk þess hyggst Norræna ráðherranefndin efla aðgerðir á næsta ári til þess að upplýsa neytendur á Norðurlöndum.

Norrænt samstarf um efni og efnavörur fjallaði á árinu 2016 um mat á umhverfis- og heilbrigðis-áhrifum, þol, áhættumat og áhættustjórn auk vöktunar og eftirlits, en allt eru þetta mikilvægir þættir þegar kemur að því að draga úr skaðlegum efnum í umhverfinu. Þekking sem aflað hefur verið í norrænu samstarfi á skaðlegum efnum þykir ítarleg og leiða til hertari reglugerða og eftirlits með efnum og efnavörum. Í dag endurspeglast þetta í verulegu framlagi landanna og áhrifum þeirra á vettvangi ESB og víðar. Á árinu 2016 fólst framlagið til ESB-samstarfsins m.a. í þekkingu á skimun efnáhrifa á retinóíðkerfi í lífverum, á vettvangi Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) tóku löndin þátt í þróun aðferða til prófunar á hormónaraskandi efnum auk þess sem löndin stóðu að innleiðingu og fullgildingu á samningi Sameinuðu þjóðanna um kvikasilfur. Umhverfisráðherrar Norðurlanda sendu sameiginlegt bréf til framkvæmdastjórnar ESB með hugmyndum fyrir væntanlega stefnu ESB um eiturefnaust umhverfi.

Umhverfisgeirinn hefur tekið þátt í að auka og bæta neytendafræðslu á árinu 2016, t.a.m. í verkefni um lífræn flúorefni (PFC) í neytendavörum, með því að styðja innleiðingu alþjóðlegrar stefnu um meðhöndlun efna og efnavöru (SAICM), með fræðslu um efni í neyslavörum (CiP) og fræðsluvefgátinni Hannas Hus fyrir skólanema.

Sameiginlegar norrænar aðgerðir verði eflar með breiðri þverfaglegri áætlun í þeim tilgangi að sporna gegn mansali í hvaða mynd sem það birtist.

Norræna ráðherranefndin hefur hrint af stað áætlun gegn mansali með átta verkefnum sem unnin verða á tímabilinu 2015–2018. Beinir aðgerðir eiga að fyrirbyggja mansal, þrælasalar skulu leiddir fyrir rétt og þolendur mansals fá vernd og aðstoð. Áætlun Norrænu ráðherranefndarinnar gegn mansali er þverlæg og að henni koma svið vinnumála (A), jafnréttis (JÁM), löggjafarsamstarfs (LAG), félags- og heilbrigðismála (S) og samstarfsráðherrarnir (SAM) auk Norrænu barna- og ungmennanefndarinnar (NORDBUK). Allar nefndirnar veita fé til verkefnisins. Framlag ráðherranefndarinnar til áætlunarinnar nemur 5,179 milljónum DKK.

Við framkvæmd nýrrar stefnu í málefnum barna og ungmenna á Norðurlöndum verður tekið tillit til þarfar á að auka áherslu á réttindi barna og ungmenna í norrænu samstarfi.

Hin nýja stefna í málefnum barna og ungmenna á Norðurlöndum kveður á um að efla skuli sjónarmið barnaréttinda og málefni ungmenna í norrænu samstarfi og eru ýmis verkefni þegar hafin í því skyni. NORDBUK hefur t.a.m. samþykkt innleiðingaráætlun sem skyldar sex samstarfssvið til að setja sér eigin markmið um að flétta réttindi barna og sjónarmið ungmenna í sitt starf. Þrjú þeirra (MR-S, MR-K og MR-A) eru búin að setja sér markmið í þessum efnum. Gefin voru út rit með stuðningsefni, „Do Rights!“ og „Ert þú með réttu gleraugun?“. Fyrra ritinu er ætlað að kveikja nýjar hugmyndir með góðum dæmum um hvernig hægt er að vinna með réttindi og sjónarmið barna og ungmenna. Seinna ritið á að veita þekkingu og verkfæri til að samþætta sjónarmið réttinda barna og ungmenna í ferlum og starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar.

Öll samstarfssvið Norrænu ráðherranefndarinnar taki tillit til samþættingar jafnréttissjónarmiða í öllu sínu starfi. Öll samstarfssviðin og ekki aðeins jafnréttisráðherrarnir eiga að samþætta jafnréttissjónarmið í öllum pólitískum ákvörðunum.

Mikilvægt er að samþætta jafnréttissjónarmið á öllum samstarfssviðum og sýna með dæmum hvernig starf ráðherranefndarinnar eflist fyrir vikið. Samstarfssvið um byggðamál hyggst skýra hvernig þetta kemur til framkvæmdar í byggðamálum.

Norræna ráðherranefndin setji, eftir lokun Norræna lýðheilsuháskólans (NHV), í forgang fjárveitingar til nýrra aðgerða til forvarna og lýðheilsamála.

Norræna ráðherranefndin um félags- og heilbrigðismál (MR-S) samþykkti í apríl 2016 yfirlýsingu um að efla lýðheilsustarfið. Ráðherrarnir ákváðu að efla norrænt lýðheilsusamstarf og samstarf um jöfnuð í heilbrigðismálum með því að

- koma á norrænum samstarfsvettvangi um lýðheilsumál;
- fela Norrænu velferðarmiðstöðinni (NVC) umsýslu vettvangsins;
- beita þverlægrri sýn á vettvangi sem einnig er ætlað að starfa með öðrum norrænum vinnuhópum, samstarfsnetum, stofnunum o.fl. á sviði lýðheilsu.

Félags- og heilbrigðisráðherrarnir (MR-S) eru sammála um að setja í forgang miðlun reynslu og sameiginleg þróunarverkefni um góðar fyrirbyggjandi og heilsuþætandi aðgerðir:

- samstarfið greiði fyrir þekkingarmiðlun og þróunarverkefnum sem stuðla að öflugri stefnuþróun og innleiðingu verkefna sem tryggja góða og jafna lýðheilsu í löndunum;
- í byrjun verði lögð áhersla á samstarf um (i) heilsuójöfnuð, (ii) áfengis-, fíkniefna- og tóbaksmál og (iii) geðheilsu.

Norræna lýðheilsuháskólanum (NHV) var lokað 1. janúar 2015. Samkvæmt lögum skólans skyldu eignir skólans renna til Norrænu ráðherranefndarinnar. Félags- og heilbrigðisráðherrarnir (MR-S) og samstarfsráðherrarnir (MR-SAM) ákváðu árið 2015 að eigið fé skólans, sem nam um 11,5 milljónum DKK, skyldi varið til lýðheilsuverkefna. Var það í samræmi við samkomulagið við Norðurlandaráð um fjárhagsáætlun ársins 2016. Félags- og heilbrigðismálaráðherrarnir ráðstafa fénu og árið 2016 voru þeir 4,3 milljónum DKK á eftirfarandi hátt:

- árleg upphæð að andvirði 1,1 milljóna DKK rennur til Norrænu velferðarmiðstöðvarinnar (NVC) á tímabilinu 2016–2018 til fjármögnunar á umsýslu miðstöðvarinnar fyrir norrænan lýðheilsu-vettvang;
- 1 milljón DKK rennur til velferðarmiðstöðvarinnar á tímabilinu 2016–2017 til að hleypa verkefni um tóbaksmál af stokkunum.

Norræna ráðherranefndin setji í forgang kynningarstarf um Norðurlönd á grannsvæðum og landamærsvæðum, t.a.m. skoði hún með opnum hug fjármögnun verkefna til margra ára hjá upplýsingaskrifstofunni í Flensburg og norrænu sendiráðunum í Berlín, og ennfremur tillöguna um eitt Norrænt hús til viðbótar og hvernig það hugtak er notað.

1. júní 2016 var ákveðið að veita 800 þús. DKK í verkefnið „Nordspor på sporet af Nordens ungdomskultur“ sem upplýsingaskrifstofan í Flensburg hefur umsjón með á tímabilinu 2016–2018. Norræna ráðherranefndin styrkti einnig verkefni norrænu sendiráðanna í Berlín um sjálfbærni og siðferðislega neyslu á Norðurlöndum og málþing um reynslu Norðurlandþjóða af aðlögunarmálum með samtals 250 þús. DKK.

Niðurstaðan varð sú að engar lagalegar hindranir kæmu í veg fyrir að nota heitið Norræna húsið. Enn fremur að Norræna húsið jafngildi ekki endilega norrænni stofnun. Því eru engar lagakröfur gerðar til norrænnar einingar sem óskar eftir því að kalla sig Norræna húsið.

Norræna ráðherranefndin geri grein fyrir því hvaða afleiðingar það hefur á skrifstofurnar í Eyrstrasaltsríkjunum að starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar í Rússlandi leggist niður.

Samstarfsráðherrarnir ákváðu árið 2016 að halda áfram samstarfsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar í Norðvestur-Rússlandi. Verkefnin halda áfram en án aðkomu skrifstofu ráðherranefndarinnar í Rússlandi. Umsýslustofnanir með sérfræðiþekkingu og reynslu af samstarfi við Rússland annast umsýslu áætlana og verkefna fyrir hönd Norrænu ráðherranefndarinnar. Fé sem sparast vegna fækkunar á starfsfólki og minni húsakosts í Norðvestur-Rússlandi hefur allt frá fjárhagsáætlun ársins 2016 verið hluti af fjárhagsáætlun samstarfsráðherranna.

Á árunum 2015 og 2016 fengu skrifstofur ráðherranefndarinnar í Eistlandi, Lettlandi og Litáen aukid fé til verkefnastarfsemi í löndunum. Samstarfsráðherrarnir hafa ákveðið að meta í hvert sinn hlutfjármögnun verkefna frá Eistlandi, Lettlandi og Litáen í ljósi þess að stefnt er að því að ákveðin hlutfjármögnun sé fyrir hendi. Aukið fé og sveigjanlegra samstarfsform hafa gert skrifstofunum í Eyrstrasaltsríkjunum kleift að ráðast í norræn-baltnesk samstarfsverkefni, t.a.m. um rússnesku-mælandi fjölmíðla, aðgerðir gegn mansali, nýsköpun, lífhagkerfi, aðlögun og áfengisforvarnir svo eitt-hvað sé nefnt. Þá fengu skrifstofurnar í Eyrstrasaltsríkjunum aukafjárveitingar á árinu 2016 í tilefni þess að 25 ár voru liðin frá opnun þeirra eftir að ríkin endurheimtu sjálfstæði sitt. Fénu var ætlað að styrkja veglegt upplýsingaáttak um Eyrstrasaltsríkin, norrænt samstarf og samstarf Norðurlanda og Eyrstrasaltsríkjanna. Að lokum ber að geta þess að árinu 2016 höfðu skrifstofurnar hver sinn sjóð til umráða sem gerði þeim kleift að tala sjálfstæðar ákvarðanir um stuðning við minni verkefni og starfsemi í Eistlandi, Lettlandi og Litáen. Óhætt er að segja að verkefnastarfsemi skrifstofanna í Eyrstrasaltsríkjunum hafi aukist stórlega á árunum 2015 og 2016 og má búast við að sú þróun haldi áfram á næstu árum.

Helstu lykiltölur

Útvaldar lykiltölur Norrænu ráðherranefndarinnar á undanföllum fjórum árum:

	2016	2015	2014	2013
Útgjaldarammi				
Fjárhagsáætlun ársins (þús. DKK)	927.546	931.782	955.215	986.726
Tekjur (þús. DKK)				
– Danmörk	177.441	183.636	197.844	217.319
– Finnland	143.599	142.318	153.565	169.568
– Ísland	7.317	6.427	6.595	6.822
– Noregur	295.431	289.227	288.287	285.536
– Svíþjóð	290.857	296.573	295.824	295.281
– Gjöld af launum, vextir og aðrar tekjur	23.099	32.958	38.644	20.692
Alls	937.744	951.139	980.759	995.218
Tekjur ársins				
Tekjur að frádregnum útgjaldaramma	10.199	19.357	25.544	8.492
Framlög landanna – hlutdeild landanna				
– Danmörk	19,4 %	20,0 %	21,0 %	22,3 %
– Finnland	15,7 %	15,5 %	16,3 %	17,4 %
– Ísland	0,8 %	0,7 %	0,7 %	0,7 %
– Noregur	32,3 %	31,5 %	30,6 %	29,3 %
– Svíþjóð	31,8 %	32,3 %	31,4 %	30,3 %
Tekjur þann 31.12.				
Óráðstafað fé	11.182	17.623	16.405	32.772
Lausafjárstaða	186.871	182.655	124.971	204.587
Eigið fé	-109.801	-100.643	-94.456	-111.508
Annað				
Óráðstafað fé, % af fjárhagsáætlun ársins	1,2%	1,9%	1,7%	3,3%
Rekstur skrifstofunnar, % af fjárhagsáætlun ársins	8,4%	8,3%	7,9%	7,6%
Fjöldi stofnana	12	13	14	15
Fjöldi starfsfólks á norrænum kjörum	93	97	95	101
– þar af konur	56	57	60	64
– þar af karlar	37	40	35	37



Norræna ráðherranefndin
Nordens Hus
Ved Stranden 18
1061 København K
www.norden.org

ANP 2017:759
ISBN 978-92-893-5144-7 (PRINT)
ISBN 978-92-893-5145-4 (PDF)
ISBN 978-92-893-5146-1 (EPUB)